

17

31. marz

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir

Skálaveiðistöð.

I. Hafnargjöld.**A. Skipagjöld.**

1. gr.

Öll veiðiskip, sem mæld eru til lestatals 5 smál. og þar yfir, skulu greiða í hafnargjald 10 aura af hverri nettósmálest í hvert skipti, er þau leggjast á Skálahöfn eða hafa samband við land á Skálum eftir að þau koma frá útlöndum, eða ef ræðir um innlend skip, þá í fyrsta sinn er þau leita hafnar á Skálum á árinu. Liggi skipið lengur en 14 daga í einu á höfninni tvöfaldast gjaldið.

2. gr.

Hafni skipið sig oftár en einu sinni á árinu á Skálahöfn og hafi á þeim tíma ekki komið til annara landa, greiðist hafnargjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skipti, en síðar að helmingu.

B. Bátagjöld.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun hafnarinnar og uppsátursgjöld eru þessi.
3 krónur af hverjum vertíðarhlut hvers róðrarbáts og opins vélbáts.
10 krónur fyrir hvern uppskipunarbát um árið.

II. Undanþága frá hafnargjaldi.

4. gr.

Undanþegin hafnargjaldi eru:

1. Skip sem leita hafnar vegna sjóskemmda, enda þótt farmur þeirra sé á land borinn, og þau flytji hann burt aftur og ekkert annað.
2. Skip sem leita hafnar vegna illveðurs, og hafa ekkert samband við land.

III. Seglfesta.

5. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarnefndar,

og hvergi má taka seglfestu nema með leyfi landeiganda og samþykki hafnarnefndar og greiðist hún eftir samkomulagi.

17
31. marz

IV. Vörugjald.

6. gr.

Af vörum, sem fluttar eru í land á Skálum eða skipað þaðan út, ennfremur af vörum, sem fluttar eru milli skipa á höfninni, skal greiða gjald, sem hér segir:

1. Af salti og kolum 1 króna af hverri smálest.
2. Af óverkuðum saltfiski 1 kr. af hverri smálest.
3. Af verkuðum saltfiski kr. 1.50 af hverri smálest.
4. Af oliutunnum, fiskitunnum, lýsistunnum, sildartunnum og kjöttunnum 30 aurar af hverri tunnu.
5. Af öllum öðrum vörum 20 aurar af hverjum 100 kg., minnsta gjald þó 10 aurar.

Af umhlöðnum vörum greiðist gjaldið aðeins einu sinni. Póstflutningur og farþegaflutningur er undanþeginn þessu gjaldi. Vörugjaldið skal reikna eftir þyngd vörunnar með umbúðum. Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrám eða farmskirteinum, ef um slík skjöl er að ræða.

V. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

7. gr.

Gjöld þau, sem að framan greinir, renna í hafnarsjóð á Skálum og skal honum varið til þess að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina verða gerð, og svo til ljóskera og leiðbeininga við innsiglinguna við höfnina.

8. gr.

Hafnarnefnd á Skálum skipa 3 menn. Er hreppstjóri Sauðaneshrepps formaður hennar, annan tilnefnir hreppsnefnd Sauðaneshrepps og þann þriðja Fiskifélagsdeildin á Skálum, en leggist hún niður kýs almennur fundur Skálabúa þriðja manninn. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára.

9. gr.

Hafnarnefnd ræður mann til að annast innheimtu hafnargjalds og til að sjá um að reglugerð þessari sé hlýtt og semur við hann um þóknun fyrir starfann. Hún færir reikninga sjóðsins og ber ábyrgð á innstæðu hans, og veitir fé úr honum í samráði við hreppsnefnd Sauðaneshrepps. Reikningarnir skulu endurskoðast og úrskurðast ásamt sveitarsjóðsreikningum Sauðaneshrepps.

17

31. marz

VI. Hafnartakmörk og mannvirki.

10. gr.

Takmörk Skálahafnar skulu vera að sunnan Skálabjarg og að norðaustan Búðahorn.

11. gr.

Engin mannvirki má reisa við höfnina nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar.

VII. Almenn ákvæði.

12. gr.

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa skulu greiða skipagjöldin samkvæmt reglugerð þessari strax og skipin hafa hafnað sig, en vörugjaldið greiðist um leið og vörur eru fluttar í land eða um borð í skip. Hafnarsjóður hefir haldsrétt í vörum þeim, sem greiða skal gjald af, unz gjaldið er goldið.

VIII. Sektorákvæði.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð á Skálum.

14. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, til að öðlast gildi 1. apríl 1930, og er birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. marz 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.